

Fimmtudaginn 31. janúar 1991.

Nr. 266/1988. **Fossplast hf.**

(Jón Ólafsson hrl.)

gegn

Presti Bjarkari Snorrasyni

(Agnar Gústafsson hrl.).

Gallar. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1988. Félagið krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar bóta og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Því er lýst í héraðsdómi, að súrheysturn sá, sem stefndi keypti af áfrýjanda, eyðilagðist af völdum veðurs. Því er að vísu haldið fram af hálfu áfrýjanda, að það hafi orðið vegna þess, að lok hafi ekki verið sett á turninn, eins og nauðsynlegt hafi verið. Það, sem upplýst er um samskipti aðila, sýnir þó, að áfrýjandi átti að sjá um smíði turnsins og að ekkert lok fylgdi eða var sett á í upphafi. Áfrýjandi afhenti lokið nokkrum mánuðum síðar. Stefndi vanrækti að sönnu að setja það á turninn, en ekkert er fram komið, sem sýni, að af hálfu áfrýjanda hafi verið skýrt fyrir honum, að það skipti máli um styrkleika mannvirkisins, eða að stefndi hafi mátt gera sér það ljóst. Verður því að telja, að áfrýjandi hafi afhent stefnda gallaðan hlut.

Samkvæmt þessu og 1. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup með löggjöfnun, ber að taka til greina kröfu stefnda um riftun kaupa hans á hinum umdeilda votheysturni.

Stefndi gerði upp kostnað við turninn með því að afhenda áfrýjanda veðskuldabréf, sem síðan var selt banka á Selfossi. Er fram

komið, að bréfið er enn eign bankans og í hans vörslum og að ekkert hefur verið greitt af því til þessa. Eru aðilar sammála um, að það, sem í héraðsdómi segir um, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 787.044 krónur með verðbótum og vöxtum, sé rétt greiðsla til stefnda, ef riftunarkrafa er tekin til greina. Verður af þeim sökum á þessu byggt og staðfest skylda áfrýjanda til að inna af hendi þessa greiðslu.

II.

Gallar þeir, sem á turninum voru, urðu fyrir vanrækt áfrýjanda, og ber honum því að bæta stefnda tjón hans, er af þeim leiddi.

Fram er komið, að undirstaða turnsins, sem eyðilagðist, nýttist stefnda, er hann lét byggja nýjan turn. Er rétt að lækka bætur að álitum þess vegna um 50.000 krónur frá því, sem segir í hinum áfrýjanda dómi. Að öðru leyti ber að fallast á það, sem í dóminum segir um tjón stefnda, enda var turninn ætlaður til nota við atvinnu hans, og á hann rétt á nokkrum bótum vegna afnotamissis. Ekki eru efni til að lækka bætur vegna styrks til stefnda úr opinberum sjóði, en um styrkinn eru ófullnægjandi upplýsingar í málinu.

Ekki er deilt um vexti þá, sem héraðsdómur dæmdi af skaðabótum. Verða þeir eins og í dómsorði segir.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði hins áfrýjanda dóms og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 175.000 krónur í málskostnað hér fyrir dómi.

D ó m s o r ð:

Samningi áfrýjanda, Fossplasts hf., og stefnda, Þratar Bjarkars Snorrasonar, frá 20. júní 1984 um súrheysturn er rift.

Áfrýjandi greiði stefnda 970.177 krónur. Af 787.044 krónum greiði áfrýjandi verðbætur og vexti eins og segir í héraðsdómi. Af 183.133 krónum greiði áfrýjandi 33% ársvexti frá 28. janúar 1986 til 1. mars sama ár, 19% ársvexti frá þeim degi til 11. s.m., 20% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl s.á., 15,5% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s.á., 16,4% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 20% ársvexti frá þeim degi til 25. mars 1987 og síðan hæstu innlánsvexti hvers tíma til greiðsludags

samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands. Vexti skal leggja við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. janúar 1987.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 175.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 11. júlí 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þriðjudaginn 7. júní sl., er höfðað með stefnu, birtri miðvikudaginn 25. mars 1987.

Stefnandi er Þröstur Bjarkar Snorrason, Tóftum, Stokkseyrarhreppi, Árnassýslu (nnr. 1172-5708).

Stefndi er Fossplast hf., Gagnheiði 18, Selfossi (nnr. 2367-5811).

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær:

1. Að stefndi verði dæmdur til þess að þola riftun á kaupum votheysturns þess, sem mál þetta fjallar um, svo og til þess að greiða stefnanda kr. 787.044, verðtryggðar með grunnvísitölu 1509 stigum, ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986 til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 7.6. 1988 og síðan hæstu vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma af verðtryggðum lánnum hjá Landsbanka Íslands.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 377.781 með 39% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3.1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu í máli þessu, en hæstu dómvexti frá þeim degi til greiðsludags. Farið er fram á það, að vextir leggist við höfuðstól með 1 árs millibili og vextir reiknist þá af höfuðstól og vöxtum samanlögðum.

Þá gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. matskostnað, kr. 53.670, skv. texta LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær kröfur gerðar:

„*Adallega*: að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, og jafnframt verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara: Ef krafa stefnanda um riftun samnings aðila verður tekin til greina, þá er þess krafist, að greiðsla skaðabóta úr hendi stefnda verði lækkaðar (sic) verulega og jafnframt verði stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ.“

Sáttaumleitanir reyndust árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að aðilar máls þessa gerðu á árinu 1984 með sér skriflegan samning um, að stefndi skyldi reisa fyrir stefnanda votheysturn úr glertrefjastyrktum pólýester.

Aðilar segja samning þennan glataðan, en hafa lagt fram í málinu hlið-stæðan samning, sem Fossplast gerði um að reisa votheysturn fyrir annan aðila, dags. 20. júní 1984.

Aðilar eru sammála um, að m.a. lokaákvæði beggja samninganna hafi verið samhljóða, en þar segir svo:

„Kaupandi skal leggja til undirstöðu undir turninn á sinn kostnað og á sína ábyrgð. Jafnframt skal hann sjá um fæði handa þeim, er vinna að uppsetningu.

Nú kann svo að fara, að turninn þoli ekki tilskilið álag, og skal seljandi þá endurgreiða kaupanda útlagðan kostnað vegna undirstöðu. Seljandi tekur alla ábyrgð á því, að turninn standist þær kröfur, sem til hans eru gerðar, í þrjú ár frá afhendingardegi.“

Kaupverð turnsins var kr. 787.044, sem stefnandi greiddi þannig, að þann 17. júní 1985 gaf hann út verðtryggt skuldabréf fyrir þessari fjárhæð, tryggt með 8. veðrétti í eignarjörð sinni, Tóftum. Skuldabréf þetta seldi síðan stefndi Landsbankanum á Selfossi þann 5. júlí 1985.

Hinn 22. október 1986 varð þríhliða samkomulag milli stefnda, stefnanda og Landsbanka Íslands um að breyta greiðsluskilmálum skuldabréfsins þannig, að það skyldi greiðast upp á 6 árum í stað 3ja áður með fyrsta gjalddaga 2. júlí 1987, og jafnframt myndi Fossplast hf. greiða samningsvexti og vísitöluálag af veðskuldabréfinu frá útgáfu þess til 22. október 1986.

Þessar greiðslur af skuldabréfinu innti síðan stefndi af hendi til Landsbankans þann 5. janúar 1987.

Turninn var reistur á vegum stefnda og var fullbúinn í ágúst 1984 að öðru leyti en því, að lok á op á þaki vantaði, og var það ekki afhent fyrr en vorið 1985, og segir stefndi þá töf hafa stafað af eldsvoða í húsum fyrir-tækis síns. Lokið var hins vegar aldrei sett á turninn.

Turninn var 12 metra hár, 6 metrar að þvermáli og með op á þaki, sem var 2,5 metrar að þvermáli. Hann var hannaður af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf., en verktakafyrirtækið Bær sf. reisti turninn fyrir stefnda.

Þann 15. nóvember 1985 fauk þak turnsins og þrjár efstu einingar hans.

Í framhaldi af því fór stefnandi þess á leit við stefnda, að kaupunum

yrði rift, en stefndi vildi ekki fallast á riftun. Þann 28. janúar 1986 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf með ítrekun á riftingarkröfu, en án árangurs.

Þann 21. júlí 1986 voru þeir dr. Hafsteinn Pálsson verkfræðingur og Jón Sigurjónsson verkfræðingur dómkvaddir til þess að skoða og meta turninn og skila rökstuddu álitni um það, af hverju turninn f auk.

Áður en matsmenn fengju lokið matinu, f auk það, sem eftir var af turninum, þann 15. október 1986.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi:

„Stefnandi telur, að umræddur turn hafi ekki uppfyllt þau skilyrði til styrkleika, sem gera verður til mannvirkja af þessari gerð hér á landi, með hliðsjón af veðurfari því, sem hér er. Turninn hafi ekki verið byggður í samræmi við þær teikningar, sem VST hafði gert, auk þess sem hönnuninni var áfátt, að því er snertir deilihönnun á frágangi þaks, sbr. matsgerð. Þetta hafi allt samverkandi orsakað fok turnsins.

Telur stefnandi sig því eiga rétt til riftunar og skaðabóta, vegna þess að turninn f auk.

Stefnandi vísar til meginreglu 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922, reglnanna um brostnar forsendur og dóma um riftun kaupa vegna stórfelldra galla.“

Stefndi:

Um málsástæður og lagarök segir svo í greinargerð stefnda:

„Fyrir það fyrsta er mótmælt þeim fullyrðingum stefnanda, að votheysturninn hafi verið ónýtur frá upphafi. Í annan stað er mótmælt þeirri fullyrðingu stefnanda, að votheysturninn hafi verið haldinn (sic) verulegum göllum.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína á þeim grundvelli, sem fram kemur í álitgerð Kristjáns Sigurbjarnasonar frá 23. apríl 1986, og að nokkru á álitgerð hinna dómkvöddu matsmanna frá síðari hluta október 1986, að stefnandi hafi ekki hirt um að loka turninum, eins og hönnun hans gerði ráð fyrir og honum var fullkunnugt um, sem aftur leiddi til þess, að þak turnsins rifnaði út frá opinu á miðju þess, og í framhaldi þess hafi turnveggurinn rifnað af smátt og smátt, en að fullu 15. október 1986. Stefndi telur ljóst, að skilyrði riftunar hafi ekki verið fyrir hendi, enda tjónið, sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir, fyrst og fremst að kenna hans eigin ábyrgðarleysi. Ef einhverjir gallar hafi verið á votheysturninum, þá geti þeir ekki talist verulegir. Jafnframt vill stefndi líta svo á, að stefnandi hafi orðið að sætta sig við, á grundvelli meginreglu 49. gr. kpl. nr. 39/1922, að leyfa honum að bæta úr hinum meintu göllum. Bæði bauðst stefndi strax til að

gera við votheysturninn, og eins var augljóst, að viðgerðin hafði ekkert óhagræði fyrir stefnanda, heldur þvert á móti var hún honum einum til hagsbóta. Með því að neita viðgerð hafi stefnandi algerlega tekið á eigin ábyrgð það tjón, sem hann hugsanlega hafi orðið fyrir. Vandséð verður, hvaða tjóni stefnandi verður fyrir, sem stefndi ber ábyrgð á, þegar titið er til þess, að stefndi hefur frá fyrstu tíð lýst sig reiðubúinn til að gera við og eftir atvikum endurreisa hinn fallna votheysturn. Samningnum verði ekki rift vegna aðgæsluleysis stefnanda sjálfs og þverlyndis.

Ef svo ólíklega vildi til, að riftunarkrafa stefnanda yrði tekin til greina, er skaðabótakröfum (vangildisbótum) stefnanda mótmælt sem allt of háum. Tjón það, sem stefnandi hefur hugsanlega orðið fyrir, getur hann fyrst og fremst sjálfum sér um kennt. Benda má á, að stefndi hefur þegar greitt rúmar kr. 340.000 hinn 5. janúar sl. fyrir stefnanda til greiðslu samningsvaxta og vísitöluálags frá 1. júní 1985 til 22. október 1986 á skuldabréfinu, sem votheysturninn var greiddur með. Dómkröfum stefnanda um greiðslu kostnaðar við undirstöðu votheysturnsins er flestum mótmælt sem órökstuddum. T.d. verður ekki séð, hvað reikningur frá 29. mars 1984 fyrir vinnu við símalögn né reikningur frá 25. apríl s.á. fyrir vinnu við að jafna moldarhaug komi undirstöðum votheysturnsins við. Sama gildir um reikning frá Sigurjóni Ólafssyni frá árinu 1980 v/ vinnu við botnplötu. Reikninga vantar frá Steypustöð Suðurlands, og er þeirri fjárhæð því mótmælt, og einnig er mótmælt reikningi stefnanda fyrir eigin vinnu við undirstöðu turnsins sem órökstuddum. Skaðabótakröfu stefnanda v/ meintra skemmda á heyi og afnotamissis af turninum er mótmælt sem rakalausum.“

Forsendur og niðurstaða.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram það álit þeirra, að hönnun turnsins sé ábótavant. Í matsgerðinni segir m.a. svo:

„Hönnun turnsins er miðuð við, að hann sé lokaður. Hins vegar er deilihönnun á frágangi þaks ekki lýst nógu nákvæmlega á teikningum. Að þessu leyti hefur hönnun turnsins ekki verið lokið samkvæmt þeim gögnum, sem undirritaðir hafa fengið.“

Þá segja matsmenn, að ljóst sé, að trefjaplastið, sem turninn er byggður úr, sé ekki hið sama og fyrirskrifað (sic) sé á teikningum. Notaðar séu „random“-glertrefjamottur í stað ofinna, og veiki þetta trefjaplastið nokkuð.

Í fylgiskjali með matsgjörð kemur fram, að efnisþykkt eininga í þaki var 4-6,5 mm, en átti að vera 5 mm samkvæmt teikningu. Á teikningu kemur fram, að áætlað togþol eigi að vera 200 MPa og áætlað beygjubrotþol eigi að vera 180 MPa. Samkvæmt mælingum Páls Árnasonar efnaverk-

fræðings er togþol sýna úr þaki 50-65 MPa og beygjubrotþol sömu sýna 84-86 MPa.

Þá hefur komið fram í málinu, að við uppsetningu turnsins var reynt að styrkja hann umfram það, sem gert er ráð fyrir á teikningum, og var það fólgið í því, að settur var kragi innan á hringopið á þakinu og styrktarbitar voru formaðir í þakið. Auk þess var grindverk sett á þakbrúnina, og var það boltað í þessa bita.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að bygging turnsins var ekki í samræmi við hönnun hans og að hönnun hans var áfátt.

Það er álit dómsins, að turninn, eins og hann var, þegar hann fauk þann 15. nóvember 1985, hafi eigi uppfyllt þær styrkleikakröfur, sem gera verður til mannvirkja af þessari gerð hér á landi.

Styrkur þaksins var ófullnægjandi, þannig að það veitti ekki turnveggjunum þá stífingu, sem nauðsynleg var í vindi, m.a. var kraginn með hringopinunum eigi nægjanlega sterkur.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að turninn hafi fokið vegna þess, að stefnandi hafi ekki hirt um að loka turninum, eins og hönnun hans gerði ráð fyrir og stefnanda hafi verið fullkunnugt um.

Fram er komið í málinu, að lokið á turnþakið var eigi afhent stefnanda fyrr en vorið 1985, þegar turninn hafði verið í notkun heilan vetur. Þessi dráttur á afhendingu loksins samræmist ekki því, sem stefndi heldur fram, að hönnun turnsins sé miðuð við, að hann sé lokaður.

Enn fremur er fram komið í skýrslu Ólafs Sigurjónssonar hér fyrir dómi, en hann annaðist um uppsetningu turnsins ásamt öðrum, að hann telur, að lokið hafi verið aukaatriði varðandi styrk turnsins.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að honum hafi aldrei verið tjáð, að nauðsynlegt væri, að turninn væri lokaður til þess að standast veður.

Gegn þessari staðhæfingu stefnanda hefur stefnda ekki tekist að sanna, að stefnanda hafi verið kunnugt um, að hönnun turnsins miðaðist við, að hann væri lokaður.

Samkvæmt þessu hefur stefnda eigi tekist að sanna, að fok turnsins hafi stafað af neinum þeim atvikum, er stefnandi eða aðrir en stefndi beri ábyrgð á, og verður samkvæmt því að telja, að fok turnsins þann 15. nóvember 1985 sé á ábyrgð stefnda.

Tilboð það, er stefndi gerði stefnanda um að gera við turninn eða að reisa nýjan turn, var ekki þess eðlis, að stefnandi yrði að sætta sig við það, þar sem í því kom eigi fram, að bæta ætti úr neinum tilteknum göllum á turninum, enda hefur ekki komið fram í máli þessu, að stefndi viðurkendi neina sérstaklega tilgreinda galla á turninum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja galla þá, sem

á turninum voru, er hann fauk þann 15. nóvember 1985, svo verulega, að stefnandi átti rétt á að rifta samningi þeim, sem hann gerði við stefnda um að framleiða og reisa turninn.

Stefndi hefur haldið því fram, að stefnandi beri ábyrgð á því tjóni, sem varð, þegar það, sem eftir var af turninum, fauk þann 15. október 1986, þar sem stefnandi hafi ekki annast nægilega um turninn eftir fokið þann 15. nóvember 1985.

Sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi oftast en einu sinni farið þess á leit við stefnda, að hann gengi þannig frá, að turninn fyki ekki frekar, hefur ekki verið hrakin, enda líklegast, að hann vildi ekki eiga neitt á hættu með skemmdir á húsum eða öðru, sem orðið gætu, ef til frekara foks kæmi. Auk þess var eðlilegt, að hann leitaði til stefnda með þetta, þar sem stefnda var málið skylt og hafði fagþekkingu á þessu sviði, auk þess sem reikna mátti með, að þetta yrði endanlega á kostnað stefnda, sbr. 55. gr. laga nr. 39/1922, enda sú umönnunarskylda, er þar greinir, lögð á kaupanda vegna hagsmuna seljanda. Ekkert hefur fram komið í málinu um, að stefndi, sem hefur starfsstöð í nágrenni stefnanda, hafi tjáð stefnanda, að hann gæti ekki af einhverjum óviðráðanlegum ástæðum orðið við þessu.

Með því að stefndi varð ekki við þessari beiðni stefnanda, er tjón það, er varð á truninum eftir 15. nóvember 1985, á ábyrgð stefnda, og er fráleitt, að athafnaleysi hans í þessu efni geti valdið því, að stefnandi tapi í einhverju rétti sínum gagnvart honum.

Samkvæmt þessu ber að taka fyrri kröfulið stefnu um riftun til greina og dæma stefnda til þess að greiða stefnanda kaupverð turnsins, kr. 787.044, ásamt verðbótum og vöxtum til greiðsludags.

Samkvæmt samningi aðila ber stefnda samkvæmt þessu að endurgreiða stefnanda útlagðan kostnað vegna undirstöðu.

Endanleg sundurliðun stefnanda á þeirri kröfu er þannig:

1. Gröftur fyrir grunni	kr.	14.167
2. Bær s/f	—	16.014
3. Keyrsla á mól	—	32.900
4. Steypustöð Suðurlands	—	31.608
5. Rör o.fl.	—	15.947
6. Járn	—	17.145
7. Eigin vinna stefnanda	—	50.000

Samtals: kr. 177.781

Stefndi hefur mótmælt flestum þessum kostnaðarliðum sem órökstuddum.

Verður nú fjallað um þessa kostnaðarliði hvern fyrir sig með tilliti til

þess, er stefndi tjáði sig um þá við munnlegan málflutning.

Um 1. Stefndi hefur fallist á reikning að fjárhæð kr. 9.714 samkvæmt þessum lið, en mótmælt reikningi að fjárhæð kr. 4.453 fyrir vinnu við að jafna moldarhaug, dags. 25. apríl 1984. Stefndandi hefur ekki sýnt fram á, að reikningur þessi sé vegna undirstöðu turnsins, og verður hann því eigi tekinn til greina gegn mótmælum stefnda. Samkvæmt þessu verður aðeins reikningur að fjárhæð kr. 9.714 vegna þessa liðar tekinn til greina.

Um 2. Stefndi hefur fallist á þennan kröfulið, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 3. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið. Samkvæmt reikningi, er lagður hefur verið fram, þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina að hluta með kr. 25.200, þ.e.a.s., teknir eru til greina reikningsliðir vegna malarflutnings frá Súluholti dagana 13. júlí til 21. júlí 1984, en skv. steypu-reikningi var grunnur steypur þann 24. júlí 1984, og þykir ekki rétt að taka til greina reikninga vegna malarflutnings eftir þann tíma.

Um 4. Stefndi hefur fallist á þennan kröfulið, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 5. Stefndi hefur fallist á reikning að fjárhæð kr. 3.452 vegna þessa kröfuliðar. Að öðru leyti hefur hann mótmælt þessum kröfulið. Þar sem engin gögn hafa verið lögð fram varðandi þennan lið að öðru leyti eða hann með öðrum hætti gerður sennilegur, verður hann gegn mótmælum stefnda ekki tekinn til greina að öðru leyti.

Um 6. Stefndi hefur mótmælt þessum lið. Engin gögn hafa verið lögð fram varðandi hann, en þar sem hann er sennilegur og kröfunni í hóf stillt, verður hann tekinn til greina.

Um 7. Þessum lið hefur stefndi mótmælt á þeirri forsendu, að samkvæmt samningi aðila skuli einungis útlagður kostnaður vegna undirstöðu endurgreiddur, ef turninn þoli ekki tilskilið álag. Dómurinn lítur svo á, að samkvæmt samningi aðila sé endurgreiðsla á kostnaði við undirstöðu takmörkuð við útlagðan kostnað, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá stefnda sú málsástæða, að þar sem stefnanda hefði nýst undirstaða turnsins að hluta undir nýjan turn, sem nú hefur verið reistur á henni, bæri að víkja samningi aðila um endurgreiðslu á útlögðum kostnaði við undirstöðu vegna ósann- girni.

Dómurinn fellst ekki á þetta sjónarmið. Þó svo að rétt megi vera, að undirstaðan hafi að einhverju leyti nýst undir turn þann, sem nú hefur verið reistur, þá er í samningi aðila enginn fyrirvari um þetta, þótt augljóst hafi verið, þegar samningurinn var gerður, að undirstaðan gæti nýst stefnanda síðar með einhverjum hætti.

Samkvæmt þessu ber stefnda að endurgreiða stefnanda útlagðan kostnað við undirstöðu turnsins með kr. 103.133.

Krafa stefnanda um bæt看 að fjárhæð kr. 100.000 fyrir heyskemmdir þykir hæfilega til greina tekin með kr. 80.000.

Krafa stefnanda um bæt看 að fjárhæð kr. 100.000 vegna afnotamissis þykir hæfilega tekin til greina með kr. 50.000.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt síðari kröfuflið til greina með samtals kr. 233.133.

Stefndi hefur ekki mótmælt sérstaklega vaxtakröfum í máli þessu, hvorki að því er varðar upphafstíma vaxta né vaxtafót.

Varðandi kröfu um vexti af fyrri kröfuflið, kr. 787.044, skal tekið fram, að dómurinn lítur á kröfuna sem dráttarvaxtakröfu, þar sem krafan var fallin í gjalddaga samkvæmt þeim reglum, er giltu fyrir gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987. Fram að dómsuppsögudegi hefur hún reynst lægri en almennir dráttarvextir.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt þessu sú, að riftunarkrafa stefnanda er tekin til greina, og er stefnda dæmt að greiða stefnanda kr. 787.044, verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1509 stigum, ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986, til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu vöxtum Landsbanka Íslands af verðtryggðum veðskuldabréfum til 6 ára, eins og Seðlabanki Íslands auglýsir þá í Lögbirtingablaði, frá þeim degi til greiðsludags; þó mega verðbætur og vextir samanlagt aldrei vera hærri en þeir dráttarvextir, sem Seðlabankinn auglýsir á hverjum tíma.

Þá er stefnda enn fremur dæmt að greiða stefnanda kr. 233.133 með 33% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3. 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 25.3. 1987 og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28.1. 1987.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, að fjárhæð kr. 53.670, sem ekki hefur verið mótmælt, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 260.000, þar með talinn söluskattur.

Þess skal getið, að dómendur könnuðu vettvang í máli þessu.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregist vegna mikilla embættisanna héraðsdómarans og vegna þess að meðdómendur eru búsettir utan umdæmisins.

Þorsteinn Skúlason héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristni Ingasyni verkfræðingi og Regin Grímssyni forstjóra.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fossplast hf., greiði stefnanda, Þresti Bjarkari Snorrasyni, kr. 1.020.177, þar af kr. 787.044 verðtryggðar samkvæmt lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1509 stigum ásamt 4% ársvöxtum frá 22.10. 1986 til 11.11. 1986, 5% ársvöxtum frá þeim degi til 22.1. 1987, 5,75% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 21.5. 1987, 6,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.6. 1987, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11.7. 1987, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9. 1987, 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11.10. 1987, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11. 1987, 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og hæstu vöxtum Landsbanka Íslands af verðtryggðum veðskuldabréfum til 6 ára, eins og Seðlabanki Íslands auglýsir þá í Lögbirtingablaði, frá þeim degi til greiðsludags; þó mega verðbætur og vextir samanlagt aldrei vera hærri en þeir dráttarvextir, sem Seðlabankinn auglýsir á hverjum tíma, og kr. 233.133 með 33% ársvöxtum frá 28.1. 1986 til 1.3. 1986, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 11.3. 1986, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, 15,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1986, 16,4% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1987, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 25.3. 1987 og hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags. Vextir skulu leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 28.1. 1987.

Stefndi greiði stefnanda kr. 260.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.